

3 maí 2017.

Fundur nr. 7. á árinu 2017, í aðalstjórnar Vestra, haldinn kl 17.00 í sal á efri hæðinni í Vestra húsinu.

Mættir eru; Hjalti Karlsson, Gísli Jón Hjaltason, Guðni Guðnason Guðfinna Heiðarsdóttir, Sólrún Geirsdóttir og Sigurður Jón Hreinsson.

Gengið til dagskrár:

1. Aðalfundur 2017.

Enn er ekki lokið við að skila inn og færa bókhald í öllum deildum. Búið er að færa inn bókhaldið í sunddeildinni og í yngri flokkunum í körfunni.

Blakdeildin er ennþá eina deildin sem er búin að halda aðalfund.

Nýja útgáfan af Felix er þar að auki ekki að gera fólki lífið auðveldara, töluverðir gallar eru á forritinu og nauðsynlegt að fá lagfæringar á því.

Gerð er krafa um að deildir klári að halda aðalfundi í síðasta lagi 14 maí.

Stefnt er að því að halda aðalfund Vestra fimmtudaginn 18 maí, en hann þarf helst að vera búinn fyrir ársþing HSV, sem verður haldið 23 maí.

Eftirfarandi stjórnarmanna losna undan skyldum á næsta aðalfundi, að óbreittu; Guðfinna Heiðarsdóttir, Sigurður Hreinsson, Hjalti Karlsson og Pétur Markan. Jafnframt varamennirnir Jón Páll Hreinsson og Anna Lind Ragnarsdóttir. Rætt var óformlega um hvað stjórnarmenn hafa hugsað sér að gera í komandi stjórnarkjöri.

2. Skipulagsmál á Torfnesi.

Farið yfir yfirstandandi vinnu við skipulagsmál á Torfnesi. Fyrir liggur að tvær tillögur um staðsetningu á fjölnota húsi á Torfnesi, eru enn til skoðunar. Annarsvegar er það tillaga starfshóps knattspyrnudeildar Vestra, sem gerir ráð fyrir að húsið rísi á núverandi æfingavelli, fyrir framan Vallarhúsið. Hinsvegar er það tillaga sem gerir ráð fyrir staðsetningu við hliðinni á núverandi íþróttahúsi á Torfnesi, með tengibyggingu milli húsanna.

Sjálfsagt hafa báðar staðsetningarnar sína kosti og galla, en mikilvægt er að málið verði rætt málefnanlega og að sem breiðust sátt skapist um niðurstöðuna.

Fundi slitið kl 18:22.

Fundargerð ritaði Siggí Hreins